

## Svar

samgönguráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um fjárveitingar til jarðganga-gerðar.

*1. Hverjar voru heildarfjárveitingar til vegamála á núgildandi verðlagi frá árinu 1980?*

Heildarfjárveitingar til vegagerðar á árunum 1980–2001 voru 189.596 millj. kr. á áætluðu meðalverðlagi 2002 (vísitala vegagerðar 6740). Í töflu 1 eru heildarfjárveitingar sundurliðaðar á hvert ár, svo og fjárveitingar til jarðganga, ásamt hlutfalli fjárveitinga til jarðganga af heildarfjárveitingum til vegagerðar á þessu tímabili. Allar upphæðir eru í millj. kr. á áætluðu meðalverðlagi 2002. Innifalið í tölum um heildarfjárveitingar er allt fé sem runnið hefur til vegamála viðkomandi ár. Tölur fyrir 1980–2000 eru samkvæmt skýrslum samgönguráðherra um framkvæmd vegáætlunar en tölur fyrir 2001 eru samkvæmt vegáætlun fyrir árin 2000–2004 og fjárlögum varðandi frestun framkvæmda.

**Tafla 1. Fjárveitingar til vegagerðar 1980–2001.**

Ár	Heildar- fjárveitingar	Fjárveitingar til jarðganga	Hlutfall %
1980	7.736	0	0
1981	8.287	2	0
1982	7.854	5	0
1983	6.911	5	0
1984	7.999	7	0,1
1985	7.329	22	0,3
1986	7.461	0	0
1987	6.522	30	0,5
1988	7.232	352	4,9
1989	7.427	719	9,7
1990	7.432	639	8,6
1991	7.681	835	10,9
1992	8.077	863	10,7
1993	10.368	956	9,2
1994	10.062	1.519	15,1
1995	10.208	900	8,8
1996	9.231	492	5,3
1997	9.133	302	3,3
1998	9.170	12	0,1
1999	10.545	50	0,5
2000	10.950	117	1,1
2001	11.981	212	1,8
<b>Samtals</b>	<b>189.596</b>	<b>8.039</b>	<b>4,2</b>

2. *Hve miklu fé var varið til jarðgangagerðar á sama tíma?*

Fjárveitingar til jarðgangagerðar á þessu tímabili námu 8.039 millj. kr. Í töflu 2 kemur fram sundurliðun á verkefni. Allar tölur eru í millj. kr. á áætluðu meðalverðlagi 2002 (vísitala 6740). Tölur fyrir 1981–2000 eru samkvæmt skýrslum samgönguráðherra um framkvæmd vegáætlunar en tala fyrir 2001 er samkvæmt vegáætlun fyrir árin 2000–2004.

**Tafla 2. Kostnaður við jarðgöng 1981–2001.**

Ár	Ólafsfjarðarmúli	Strákagöng	Vestfjarðagöng	Annað	Samtals
1981	2				2
1982	5				5
1983	5				5
1984	7				7
1985	22				22
1986	0				0
1987	30				30
1988	352				352
1989	689		30		719
1990	547		92		639
1991	293	107	429	6	835
1992	23	41	786	13	863
1993			949	7	956
1994			1.512	7	1.519
1995			900	0	900
1996			487	5	492
1997			300	2	302
1998			6	6	12
1999			38	12	50
2000			6	111	117
2001				212	212
<b>Samtals</b>	<b>1.975</b>	<b>148</b>	<b>5.535</b>	<b>381</b>	<b>8.039</b>

3. *Hvað voru fjárveitingar til jarðgangagerðar hátt hlutfall af heildarfjárveitingum til vegamála á þessu tímabili?*

Hlutfall fjárveitinga til jarðganga af heildarfjárveitingum til vegagerðar á þessu tímabili var 4,2% (sjá sundurliðun á hvert ár í töflu 1).